

Aukaaðalfundur þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi haldinn þriðjudaginn 21. mars 2017 kl. 14:00 í Fjölheimum Selfossi.

Ásta Stefánsdóttir, formaður, tók til máls setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Bráðabirgðauppgjör vegna ársins 2016

Ingibjörg Garðarsdóttir kynnti bráðabirgðauppgjör á ársreikningi ársins 2016 og fór yfir stöðu mála. Áætluð fjárþörf 2016 er tæplega 60 mkr. Endanlegt uppgjör verður lagt fram á vorkundi sem haldinn verður í lok apríl eða byrjun maí.

Til máls tóku Gunnar Þorgeirsson og Jón Valgeirsson.

2. Fjárhagsáætlun 2017

Ingibjörg Garðarsdóttir fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2017. Áætlunin gerir ráð fyrir rúmlega 54 mkr halla á árinu 2017.

Til máls tóku Sandra Brá Jóhannsdóttir, Björgvins Skafti Bjarnason, Jón Valgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir, Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Ásgeir Magnússon.

Fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt með meirihluta atkvæða, tveir voru á móti, Gunnar Þorgeirsson og Ingibjörg Harðardóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi.

3. Uppbygging búsetuúrræðis

María Kristjánsdóttir fór yfir stöðu mála í búsetuúrræðum.

Í dag eru 6 einstaklingar í brýnni þröf á að komast í framtíðar úrræði og verður að leysa mál þeirra eins fljótt og hægt er. Ræddi hún um fjármögnum og hvaða möguleikar eru í stöðunni. Einnig var rætt erindi Þroskahjálpar á Suðurlandi varðandi uppbyggingu búsetuúrræðis.

Opið er til 31. mars til að sækja um stofnframlög til Íbúðalánasjóðs og lagði María til að fundurinn íhugi að Bergisinn sækji um.

Til máls tóku Gunnar Þorgeirsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Gylfi Pétursson, Eva Björk Harðardóttir, Helgi Kjartansson, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, Jón Valgeirsson, Ásgeir Magnússon, og Aldís Hafsteinsdóttir.

Lagt var til að Bergisinn sækji um stofnframlög til Íbúðalánasjóðs til uppbyggingar á búsetuúrræði fyrir fatlað fólk.

Var það samþykkt samhljóða.

4. Ályktun vegna sjálfstæðra þjónustuaðila sem veita þjónustu á landsvísu varðandi það að samningagerð og rekstrarumsýsla færist til ríkisins.

Ásta Stefánsdóttir fór yfir stöðu mála á samningum við sjálfstæðu þjónustuaðilana, Kerlingardal, Skafholt, Sólheima og Breiðabólstað.

Til máls tóku Arna Ír Gunnarsdóttir og María Kristjánsdóttir.

Ásta lagði fram eftirfarandi ályktun:

Umræða hefur farið af stað meðal fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa sveitarfélaga þar sem starfræktar eru búsetueiningar fyrir fatlaða sem reknar eru af öðrum en sveitarfélögunum um að leitað verði eftir því að inn í frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, sem nú er í vinnslu, verði bætt ákvæði á þá leið að þegar um sé að ræða sjálfstæða þjónustuaðila sem starfa á landsvísu eða taka við notendum víða að skuli þjónustusamningar gerðir með miðlægum hætti undir forræði ráðherra.

Aukaáðalfundur Bergrisans bs., byggðasamlags þrettán sveitarfélaga á þjónustusvæði Suðurlands í málefnum fatlaðra, samþykkir að leita eftir því við velferðarráðuneytið að þjónustusamningar við sjálfstæða þjónustuaðila sem starfa á landsvísu eða taka við notendum víða að skuli gerðir með miðlægum hætti undir forræði ráðherra. Jafnframt færist það fjármagn sem ætlað er til rekstrar þessara þjónustuaðila skv. SIS-mati til ráðuneytisins ásamt tilsvarendi hlutdeild í viðbótarútsvari svæðisins.

Til máls tóku Gunnar Þorgeirsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Eydís Þ Indriðadóttir, Björgvin Skapti Bjarnason, Jón Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Valtýr Valtýsson, Ásgeir Magnússon, Ingibjörg Harðardóttir, María Kristjánsdóttir og Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir.

Ályktunin var borin undir atkvæði og samþykkt. Tveir voru á móti Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, og Björgvin Skafti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

5. Rekstrarmál, starfsmannamál, tillaga um ráðningu starfsmanns

Rætt var um þörf á að hafa sérstakan starfsmann sem haldi utan um fjármál og samninga Bergrisans. Ásta lagði til að í stað þess að ráða starfsmann verði samþykkt að fá aðila í verktöku til að greina samninga, fara yfir reksturinn og málefni Bergrisans almennt.

Einnig lagði Ásta til að stjórninni yrði falið að vinna að þessu og ráða í verkefnið.

Til máls tók Arna Ír Gunnarsdóttir.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

6. Samningur um sameiginlega verkefni byggðasamlagsins sem Sveitarfélagið Árborg annast, endurnýjun samnings.

Lagt var til að fresta afgreiðslu málsins þar til á vörfundum.

Var það samþykkt samhljóða.

Ásta þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og sleit fundi kl. 15:35

Ásta Stefánsdóttir	Árborg
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði
Ásgeir Magnússon	Mýrdalshreppur
María Kristjánsdóttir	Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.
Katrín Þorsteinsdóttir	Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu
Guðlaug Jóna Hilmarisdóttir	Félagsmálastjóri Árborgar
Arna Ír Gunnarsdóttir	Árborg
Jón Valgeirsson	Hrunamannahreppur
Svanhildur Pétursdóttir	Hrunamannahreppur
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Gunnar Þorgeirsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Eydís Þ. Indriðadóttir	Flóahreppur
Margrét Jónsdóttir	Flóahreppur
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Valtýr Valtýsson	Bláskógabyggð
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Óttar Þráinsson	Bláskógabyggð
Guðni Pétursson	Sveitarfélagið Ölfus
Ísólfrur Gylfi Pálmason	Rangárþing eystra
Ágúst Sigurðsson	Rangárþingi Ytra
Ingibjörg Harðardóttir	Grímsnes- og Grafningshreppur
Nanna Jónsdóttir	Ásaphreppur
Sandra Brá Jóhannsdóttir	Skaftárhreppur
Eva Björk Harðardóttir	Skaftárhreppur
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari